

Fundur í kjörnefnd Ásahrepps haldinn í félagsheimilinu Ásgarði fimmtudaginn 23. september 2021, klukkan 16:15

Mætt: Kristín Ósk Ómarsdóttir, Benedikt Elvar Jónsson, Hulda Brynjólfsdóttir, Renate Hanneman, Asa Ljungbjerg, Vilberg Skúlason og Valtýr Valtýsson. Ásta Berghildur Ólafsdóttir kom í lok fundar. Kristín Ósk ritar fundargerð

1. Á kjördag verður kosið til Alþingis en einnig um sameiningu sveitarfélaga. Því eru allir varamenn kjörnefndar boðaðir.
2. Rætt um efni fundar yfirkjörstjórnar á Selfossi 23. Júní. Kristín Ósk sótti fundinn fyrir hönd kjörnefndar. Á fundinum voru öll kjörgöng afhent. Valtýr greindi frá hefðbundin meðferð slíkra gagna og ræddi mikilvægi nákvæmni í öllum vinnubrögðum. Kristín Ósk greindi sérstaklega frá þeirri áherslu yfirkjörstjórnar að bóka allt sem kæmi upp á kjörstað.
3. Valtýr afhendir þrjár staðfestar kjörskrár vegna alþingiskosninga og þrjár staðfestar kjörskrár vegna sameiningarkosninga. Ekkert hefur verið um breytingar á kjörskrá.
4. Valtýr afhendir einn kjörkassa ásamt lykli að honum
5. Kjörnefnd skiptir með sér verkum, Kristín Ósk gegnir áfram formennsku nefndarinnar og er oddviti nefndarinnar á kjördag. Í kjördeild vegna kosninga til alþingis situr Kristín Ósk fyrir miðju, Benedikt gegnir stöðu ritara og Asa merkir í kjörskrá. Í kjördeild vegna kosninga um sameiningu situr Hulda fyrir miðju, Renate gegnir stöðu ritara og Vilberg merkir í kjörskrá.
6. Rætt um kjörskrá og kjörfund. Kjörfundartími hafði áður verið ákveðinn frá 11-19. Ekki má hefja talningu atkvæða vegna sameiningarkosninga fyrr en eftir klukkan 22.
7. Rætt um sóttvarnir á kjörstað. Gæta skal að sótthreinsun blýanta og gefa öllum kjósendum kost á að viðhafa eins meters fjarlægð.
8. Rætt um hver skuli aðstoða kjörnefnd á kjördag, en aðstoðarmaður gegnir hlutverki dyravarðar. Ákveðið að ræða við Þráinn Ingólfsson um það hlutverk. En hann gegndi því hlutverki við kosningar á síðasta ári.
9. Farið yfir aðstæður í húsinu, skúra þarf gólf vegna mikils ryks. Þá þarf að útvega hitablásara þar sem töluverður kuldi er í húsinu. Búið er að smíða aðra kjörklefa vegna sameiningarkosninga. Búið er að kaupa gardínur, þær þarf að hengja upp og stytta. Útvega þarf fjóra lampa í kjörklefana, einnig þarf að útvega dúka á borð. Hreinlætisvörur eru til frá síðustu kosningum, en útvega þarf tóma brúsa undir spritt.
 - Hulda tekur að sér að skúra gólf
 - Vilberg tekur að sér að festa gardínur
 - Benedikt tekur að sér útvega framlengingarsnúrur
 - Asa tekur að sér að útvega umbúðir undir spritt og lampa
 - Kristín Ósk tekur að sér að útvega framlengingarsnúrur og dúka á borð
 - Valtýr býður fram hitablásara
10. Rætt um kaup á öðrum aðföngum, svo sem veitingum fyrir kjörnefnd á kjörstað. Kristín Ósk tekur að sér að kaupa veitingar og annað sem þarf fyrir kjördag. Einnig að finna aðila til að færa nefndinni heitan mat í hádegi.
11. Raðað upp í salnum, borðum og stólum og einnig í kaffiáðstöðu.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 17:00